

**25. fundur Skóla- og frístundaráð, haldinn í fundarherbergi 3. hæð, Stillholti 16-18,
8. desember 2015 og hófst hann kl. 08:00**

Fundinn sátu:

Sigríður Indriðadóttir formaður, Rakel Óskarsdóttir varaformaður, Kristinn Hallur Sveinsson aðalmaður, Ásthildur Ósk Ragnarsdóttir áheyrnarfulltrúi, Sigrún Inga Guðnadóttir áheyrnarfulltrúi og Svala Kristín Hreinsdóttir deildarstjóri skólaþróunar og sérfræðipjónustu.

Fundargerð ritaði: Svala Hreinsdóttir, deildarstjóri skóla- og frístundasviðs.

Fyrir tekið:

1. 1509086 - Starfsáætlun leikskóla Akraneskaupstaðar 2015-2016

Samkvæmt lögum um leikskóla nr. 9/2008 skulu leikskólar gefa árlega út starfsáætlun þar sem gert er grein er frá árlegri starfsemi skólans þar á meðal skóladagatali, foreldrasamstarfi, viðfangsefni innra mats, umbótaáætlun, tengslum leikskóla og grunnskóla, stoðþjónustu.

Á fundinn mættu Brynhildur Björg Jónsdóttir áheyrnarfulltrúi skólastjórnenda í leikskólum og Gunnur Hjálmsdóttir áheyrnarfulltrúi starfsmanna í leikskólum.

Skóla- og frístundaráð þakkar leikskólastjórum fyrir góða vinnu í tengslum við starfsáætlanir leikskóla Akraneskaupstaðar og samþykkir þær.

2. 1512027 - Tilfærsla á starfsdögum 2016

Starfsfólk Akrasels stefnir á náms- og kynnisferð vorið 2016. Til þess að það sé mögulegt óskar leikskólastjóri eftir tilfærslu á skipulagsdögum vorannar 2016. Fyrirhuguð ferð er dagsett 20 - 24. apríl 2016. Óskað er eftir að færa til daga sem hér segir:

*Mánudagurinn 4. janúar verður opið (áður auglýstur skipulagsdagur)

*Þriðjudagurinn 29. mars verður opið (áður auglýstur skipulagsdagur)

Í staðinn verður :

*miðvikudagurinn 20. apríl lokað frá hádegi eða frá kl. 12.00.

*fimmtudagurinn 21. apríl er sumardagurinn fyrsti þá er alltaf lokað

*föstudaginn 22. apríl yrði einnig lokað.

Skóla- og frístundaráð samþykkir tilfærslu á skipulagsdögum í leikskólanum Akraseli.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 8:45.

Sigríður Indriðadóttir
Ásthildur Ósk Ragnarsdóttir
Rakel Óskarsdóttir
Sigrún Inga Guðnadóttir
Brynhildur Björg Jónsdóttir
Gunnur Hjálmsdóttir
Svala Hreinsdóttir
Kristinn H. Sveinsson